

1860.

20. júní.

*McClintock*, skipstjóra, í tæ alla þá hjálp og greiðvikni, sem þeim er unnt, við rannsóknir hans um dýpt sjávarins og annað við eyhlönd þessi, þær er hann á að gjöra eptir tilhlutun hinnar ensku stjórnar á gufuskipinu *Bulldog*, til að komast að raun um, hvort fært sè; eptir því sem áformað hefir verið, að leggja rafsegulþráð millum Norðurálfu og norðurhluta Vesturheims, yfir Færeyjar, Ísland og Grænland, — þannig skora jeg á sama hátt, eptir tilmælum fjárhagsstjórnarinnar, á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, einkum amtmanninn á Færeyjum og stiptamtmanninn og amtmennina á Íslandi, að veita Allen Young skipstjóra, er ræður fyrir gufuskipinu *Fox*, og öllum þeim, sem eru í för með honum, allt það liðsinni og alla þá greiðvikni, sem unnt er, við rannsóknir þær, er þeir munu gjöra, eptir skýrslu *Tal. P. Shaffner's* ofursta, til að komast eptir, hvort leggja megi rafsegulþráðinn, er áður er um getið, og sem einkanlega munu verða í því fólgnar, að kanna firðina við eyjar þessar og þá staði, þar sem koma mætti þræðinum á land, einnig í því, að kynna sèr, hver stefna þar væri hagkvæmust fyrir rafsegulþráðinn á landi.

20. júní. 35. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um ritlaun handa Sigurði Melsteð, kennara við prestaskólann.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 1. ágúst. í fyrra, hefir stjórn kirkju- og kennslumálanna í dag veitt Sigurði Melsteð, kennara við prestaskólann í Reykjavík, 200 ríkisdala þóknun, sem ritlaun fyrir bók, er hann hefir ritað á íslenzku um mismun á trúarlærdómum katólsku og prótestantisku kirkjunnar.

Um leið og þetta er nú gefið yður til vitundar, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar Melsteð kennara, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir einnig í dag verið boðið að greiða fæð úr jarðabókarsjóði landsins.